

Orðaskrá Stjarnvísindafélagsins

Samning orðaskrár úr stjörnufræði kom fyrst til umræðu á fundi í Stjarnvísindafélagi Íslands árið 1990. Þá voru liðin fimm ár frá útkomu orðaskrár Eðlisfræðifélags Íslands um eðlisfræði, stjörnufræði og skyldar greinar, og önnur útgáfa var í undirbúningi. Þótt enginn fundarmanna héldi því fram að stjörnufræðin hefði verið vanrækt í orðaskrá Eðlisfræðifélagsins voru allir sammála um að mikið starf væri enn óunnið í þessari grein.

Spurningin var fyrst og fremst sú hvort Stjarnvísindafélagið ætti að beita sér fyrir verulegri stækkun stjörnufræðihlutans í orðaskrá Eðlisfræðifélagsins eða ráðast í útgáfu eigin orðaskrár. Eftir nokkrar umræður á tveimur félagsfundum var afraðið að fara síðari leiðina. Hinn 14. desember 1990 var stofnuð orðanefnd til að hrinda verkinu í framkvæmd. Ákveðið var að sá sem þetta ritar yrði formaður nefndarinnar, en öllum félags-

mönnum skyldi vera frjálst að taka þátt í nefndarstarfinu eftir því sem þeir hefðu áhuga á og aðstöðu til. Meðal þeirra sem sátu fyrstu fundina voru þeir Einar H. Guðmundsson, Einar Júlíusson, Guðmundur G. Bjarnason, Karl Jósafatsson og Þórir Sigurðsson. Þegar frá leið urðu allir þessir ágætu menn að hætta nefndarstarfinu, ýmist vegna anna eða vegna þess að þeir voru búsettir of fjarri Reykjavík þar sem fundirnir voru haldnir. Eftir stóð þriggja

manna nefnd sem í voru þeir Gunnlaugur Björnsson og Guðmundur Arnlaugsson ásamt formanni. Nefndin hélt fundi yfir vetrarmánuðina, tvær stundir í senn. Í fyrstu var fundað á hálfsmánaðarfresti, en í ársbyrjun 1995 var fundum fjölgað og þeir haldnir vikulega eða því sem næst. Handritið var frágengið í júlí 1996 og orðaskráin kom út hjá Háskólaútgáfunni í október sama ár, aðeins mánuði fyrir andlát Guðmundar Arnlaugssonar.

Afrakstur nefndarstarfsins er ekki mikill fyrirferðar, 160 síðna bók í litlu broti. Þeir sem ekki hafa setið í orðanefndum, eiga líklega erfitt með að skilja að það geti tekið mörg ár að ganga frá svo lítilli bók. Hinir sem reynsluna hafa, vita hversu tímafrekt iðorðastarf getur verið.

Í upphafi var ákveðið að orðaskráin skyldi vera ensk-íslensk og takmarkast við beinar orðabýðingar líkt og orðaskrá Eðlisfræðifélagsins og fleiri hliðstæðar skrár. Fljótlega varð nefndarmönnum þó ljóst að orðaskráin yrði mun gagnlegri ef merking framandi orða væri skýrð í stuttu máli. Ákveðið var að bæta slíkum skýringum við, þótt fyrirsjáanlegt væri að það myndi kosta mun meiri vinnu. Ekki sýndist okkur ástæða til að semja tæmandi skilgreiningar fyrir hvert hugtak, þótt það hafi stundum verið gert í orðaskrá. Til að rúma fyllstu skilgreiningar hefði þurft mun stærri bók, og okkur orðanefndarmönnum var til mikils efs að hinn almenni lesandi hefði meira gagn af þeim lestri. Skýringarnar eru í ensk-íslenska hluta orðaskrárinnar. Þær eru ekki endurteknar í íslensk-enska kaflanum sem saminn var eftir á.

Í ensk-íslenska kaflanum eru 2090 uppflettiorð, en í þeim íslensk-enska eru þau 2236 talsins. Mismunurinn stafar af því, að oft þóttu tvö eða fleiri íslensk orð koma til greina við þýðingu á erlendu hugtaki. Í þeim tilvikum var ákveðið að gefa lesandanum færi á að velja milli þýðinga. Nefndin vildi láta reynsluna ráða því hvaða orð yrði ofan á. Auk þess var hún þeirrar skoðunar að það gæti komið sér vel

fyrir lesandann að eiga fleiri kosta vól við þýðingu á tilteknu orði.

Ýmis hugtök í stjörnufræði eru kennd við nöfn manna, eins eða fleiri. Þegar svo háttaði til, þótti orðanefndinni rétt að tilgreina þjóðerni mannanna, starf, fæðingarár og dánarár ef við ætti. Það kom mjög á óvart hve erfitt reyndist að afla vitneskju um svo einfaldar staðreyndir, einkanlega þegar núlifandi menn áttu í hlut. Ef ekkert fannst í uppflettiritum á bókasöfnum var leitað til erlendra stjörnufræðinga um upplýsingar. Oft bar sú aðferð árangur, en þó ekki alltaf.

Við val enskra orða var lögð til grundvallar bókin *A Dictionary of Astronomy* (ritstjóri Valerie Illingworth, The Macmillan Press, 1979). Fyrir hvern fund voru ljósritaðar nokkrar síður úr þessari bók sem vinnublöð fyrir fundarmenn. Meðan nefndin sat að störfum kom bókin út aukin og endurbætt undir nafninu *Collins Dictionary of Astronomy* (1994) og var sú útgáfa einnig notuð. Þá var og orðtekin önnur bók, *A Concise Dictionary of Astronomy*, eftir Jacqueline Mitton (1991). Á nefndarfundum var *Íslensk orðabók* Menningarsjóðs ávallt við höndina, sömuleiðis *Ensk-íslensk orðabók* Arnar og Örlygs og ein af orðabókum Websters, *Webster's Encyclopedic Unabridged Dictionary of the English Language*. Um það bil 17 önnur uppflettirit voru höfð til hliðsjónar, og úr þeim voru stundum valin viðbótarorð í orðaskrána. Fyrir kom að villur fundust í heimildum eða misræmi sem greiða þurftu úr. Var þá gagnlegt að geta borið saman gögn úr ólíkum áttum.

Við val á íslenskum þýðingum reyndi nefndin að nýta sem flest orð úr fyrri ritum íslenskum um stjörnufræðileg efni. Kom þá að gagni sú vinna sem undirritaður hafði lagt í orðasöfnun og orðasmið þegar hann gaf út bókina *Stjörnufræði-Rimfræði* árið 1972.

Af síðari ritum reyndist orðaskrá Eðlisfræðifélagsins notadrýgst. Ritstjóri þeirrar orðaskrár, Þorsteinn Vilhjálmsson, veitti góðfúslega

aðgang að stjörnufræðihluta annarrar útgáfu sem þá var í undirbúningi og kom út á árinu 1996 undir nafninu *Orðaskrá um eðlisfræði og skyldar greinar* (ritstj. Viðar Guðmundsson og Þorsteinn Vilhjálmsson). Sum orðanna sem valin voru má rekja til íslenskra höfunda á síðustu öld og þá sérstaklega Jónasar Hallgrímssonar sem var einstaklega hagar orðasmiður. Frá honum eru komin alþekkt orð eins og aðdráttarafl, miðflóttaafll, sporbaugur og ljósvaki, svo og önnur sem minna eru kunn en þó ekki síðri: sólnánd, sverðbjarmi, fleygbogi, framsókn, ljósvilla og Bernikkuhaddur svo að eitthvað sé nefnt. En þótt allt væri til tínt sem orðanefndarmenn töldu nothæft, vantaði enn mikinn fjölda orða. Var það síst að undra því að þróunin í stjörnufræði hefur verið afar ör á síðustu árum og ný hugtök eru sífellt að koma fram.

Við gerð orðaskrárinnar setti orðanefndin sér það markmið að forðast tilvísanir milli orða. Þegar samheiti koma fyrir í skránni er orðskýring látin fylgja á báðum stöðum til að spara lesandanum þá fyrirhöfn að eltast við tilvísanir. Af þessu leiðir hins vegar að texti er sums staðar endurtekinn einu sinni eða jafnvel oftari í skránni.

Eins og fram kemur í formála bókarinnar stendur orðanefndin í þakkarskuld við Baldur Jónsson, forstöðumann Íslenskrar málstöðvar, sem las ensk-íslenska kaflann í handriti og kom með gagnlegar ábendingar. Einnig ber að þakka Ara Páli Kristinssyni sem fór yfir hluta handritsins. Lýðveldissjóður veitti styrk til útgáfu bókarinnar og gerði þar með kleift að verðleggja hana svo hóflega að ódýrara er að kaupa hana en ljósrita.

Gengið var frá handriti með ritvinnsluforritinu Wordperfect 6.0 og síðurnar prentaðar með geisla-prentara. Prentmyndastofan hf. annaðist síðan ljósprentun og bókband. Með þessu móti var sneitt hjá ýmiss konar umstangi sem fylgt hefði setningu í prentsmiðju, jafnvel þótt tölvutæknin hefði verið nýtt til fullnustu.

Í upphafi var ætlunin að senda uppkast að orðaskránni til félaga í Stjarnvísindafélaginu til að fá fram athugasemdir þeirra og tillögur. Orðanefndin féll frá þessari fyrirætlan þar sem hún óttaðist að það myndi seinka útgáfu bókarinnar

um of ef reynt yrði að samræma fleiri hugmyndir á þessu stigi. Hins vegar óskar nefndin nú eftir tillögum sem nota megi í næstu útgáfu. Stefnt er að því að gera orðaskrána aðgengilega á Veraldarvefnum þannig að tölvunotendur geti

nýtt sér hana og komið athugasemdum sínum á framfæri á sama vettvangi.

*22. apríl 1997,
Þorsteinn Sæmundsson*